

Ed.

63. Frumvarp til laga

[60. mál]

um breyting á lyfsölulögum nr. 30/1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

7. gr., 1. mgr. orðist svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum, enda uppfylli þeir skilyrði 1. mgr. 9. gr.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

2. mgr. 7. gr. verður 3. mgr. 7. gr. o. s. frv.

2. gr.

Aftan við orðin „Forstöðumaður slíkra lyfjabúða“ í 2. mgr. 9. gr. komi:
„svo og forstöðumaður lyfjabúðar Háskóla Íslands“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um lyfjadreifingu, sem lagt hefur verið fram þrívægis eða á 100., 102. og 103. löggjafarþingi og ekki náði fram að ganga, er gert ráð fyrir heimild til Háskóla Íslands að kaupa og reka eina af starfandi lyfjabúðum landsins. Lyfjabúð þessa skal starfrækja með sérstöku tilliti til rannsókna og kennslu í lyfjafræði lyfsala.

Í frumvarpi til laga um Háskóla Íslands, sem samþykkt var sem lög (nr. 77/1979) frá Alþingi á 100. löggjafarþingi segir í 36. gr., 2. mgr.:

„Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala.“

Sá vilji stjórnvalda, að Háskóli Íslands geti öðlast eitt lyfsöluleyfi vegna kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala, kemur skýrt fram í ofangreindum frumvörpum. Í 7. gr. í gildandi lyfsöslulögum eru hins vegar ákvæði þess efnis, að ekki megi veita öðrum en einstaklingi lyfsöluleyfi.

Framangreind lagabreyting er lögð fram í því skyni að greiða götu Háskóla Íslands vegna rannsókna og kennslu í lyfjafræði lyfsala, en ákveðið hefur verið að taka upp kennslu til kandidatsprófs í lyfjafræði. Fram til þessa hefur einungis verið unnt að ljúka prófi aðstoðarlyfjafræðings við Háskólann, en kandidatsprófi hefur orðið að ljúka erlendis.

Áðurnefnt frv. til nýrra laga um lyfjadreifingu, hefur þegar verið lagt fram á nýbyrjuðu Alþingi. Þar eð óvíst er, hverja afgreiðslu það fær að þessu sinni, er sú leið valin að tryggja réttindi Háskólans með sérstakri lagabreytingu, í trausti þess að um slíka breytingu verði ekki ágreiningur.